

Fréttabréf 7

19. maí 2010

7. tbl. skólaárið 2009—2010

Ágætu foreldrar og forráðamenn nemenda í Grunnskólanum í Borgarnesi

Skammt er nú til skólaloka. Hérna verður því komið inn á skólalokin og viðburði síðustu daga skólaársins sem og eitt og annað sem liðið er en vert er að halda til haga.

1. Breyting á áætlun skóla

Sú breyting hefur verið ger á skóladagatali að síðasti kennsludagur er 31. maí og skólaslit fimmtudaginn 3. júní. Er þetta vegna þess að nemendur og starfsfólk ávann sér einn frídag í tengslum við árshátíðina okkar í haust. Var farin sú leið að stytta frekar í endann en lengja einhverja helgina. Þessi breyting hefur vonandi engin slæm áhrif í för með sér.

2. Skólaslit

Skólaslit fyrir 1.-9. Bekk verða sem áður er vikið að fimmtudaginn 3. júní. Verða þau með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár, nemendur mæta við skólann kl. 10 og verður dagskrá og leikir fram til kl. 12 en þá fara allir heim. Útskrift 10. bekkinga fer svo fram með hefðbundnum hætti frá Hótel Borgarnesi sama dag og hefst athöfnin kl. 17.

3. Vorferðir

Vorferðir eru með nokkuð venjubundnum hætti í vor þrátt fyrir kreppu. 6. bekkur er búin að fara í Reykholt og á svo eftir að fara í heimsókn til Reykjavíkur í boði Faxaflóahafna. 5. bekkur fer í Dalina og heimsækir Eiríksstaði og mjólkurbúið að Erpstöðum. 4. bekkur fer síðan í heimsókn á Akranes. 3. bekkur gengur á Grábrók og 1. og 2. bekkur fara í styttri ferðir í næsta nágrenni okkar. Eldri deildin fékk einn dag til útivistar, var farið á Hafnarfjall, í fjöruna við Þjófakletta, Einkunnir og í golf.

4. Tómskundaskóli í júní

Tómskundaskólinn verður opinn til frá 1. - 16. júní frá kl. 07.50 – 16.00. Að auki verða eftirfarandi námskeið verða í boði:

Föndurnámskeið – búnar verða til nælur, hárspangir eða spennur, ætlað nemendum í 1. – 7. bekk.

Dansnámskeið - Míckel Jackson dansar – freestyle og samkvæmisdansar, ætlað nemendum 1. – 7. bekk.

Útlífs og leikjanámskeið - Farið verður í ratleiki, gönguferðir, fjöruferðir, dorgað á bryggunni, sund og leiki, ætlað nemendum í 1.- 5. bekk.

Nammigrís – búinn verður til handgerður brjóstsýkur, ætlað nemendum í 3. – 7. bekk.

Á næstu dögum mun nánari dagskrá verða kynnt.

5. Óskilamunir

Mikið hefur safnast saman af óskilamunum í vetur, íþróttaföt og skór, íþróttatöskur og yfirhafnir margskonar. Hér er um mikil verðmæti að ræða í flestum tilfellum. Eins hafa safnast fyrir hjá skólaritara lyklalippur með margskonar lyklum sem fundist hafa hér í nágrenni skólans. Eru þeir sem sakna einhvers hvattir til að koma í skólann of skoða lagerinn, það gæti verið ferð til fjár.

6. Næsta skólaár

Skólinn verður settur 23. ágúst n.k. og hefst kennsla daginn eftir skv. stundaskrá. Einhverjar breytingar verða á tímatöflum og öðru fyrirkomulagi á nýju skólaári og verða þær kynntar þegar þær hafa verið útfærðar. Flestar þeirra lúta að því að draga úr kostnaði. Nú verður aftur horfið til þess fyrirkomulags að Tómskundaskólinn starfar eftir dagatali skólans, þ.e. hann opnar um leið og skólinn. Í sumar opnar hann því 23. ágúst og verður fyrirkomulag hans kynnt betur í júní.

7. Týnd gleraugu

Tapast hafa í nágrenni skólans mosagræn gleraugu með hvíttri línu á spöngum. Er þeirra sárt saknað og ef einhver hefur fundið þau þá endilega hafa samband við skólaritara.

Ekki fleira að sinni – bestu kveðjur

Kristján Gíslason skólastjóri